

22/2 72

STARFSSKÝRSLA ÁGÚSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRÆKT RÍKISINS

HVAMMI ÁRIÐ 1971

S T A R F S S K Ý R S L A

Frá áramótum og fram til 24. maí starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

Ég var í Skorradal frá 24. maí til 5. ágúst, en þá fór ég í fræsofnunarleiðangur til Norður-Ameríku ásamt bórnari Benediktz. Frá Ameríku komum við 28. okt. og eftir það var ég á skrifstofunni í Reykjavík nema 3. - 5. nóv. og 29. nóv. til 4. des. en þá var ég í Skorradal.

1. Veðurfar.

Mesta frost, sem mældist á vetrinum í Hvammi var aðfaranótt 30. jan. en þá komst frostið í 23 C^o. Þó frost yrði þetta mikið þá stóð það ekki lengi og ekki er hægt að telja veturinn verulega frosthæðan. Janúar mun hafa verið nokkuð kaldari er í meðal ári. Febrúar var umhleyppingasamur en hitastig aðeins fyrir ofan meðallag. Hitastig í marz var nærri meðallagi og tíðarfar var nokkuð umhleyppingasamt. Í apríl fór að hlýna verulega og veðurfar

var með hlýrra og mildara móti. Maí var að samaskapi góðviðrasamur að undanskildum byl er gerði 26. á græna jorð. Snjóinn tók upp daginn eftir og litlar skemmdir sáust eftir nema helzt á nýjum sprotum á víðitegundum. Grænt var orðið kring um bæi í Skorradal 11. maí.

Sumarið var sólríki og góðviðrasamt og sprettutíð góð þó hitastig væri undir meðallagi. Júní var fremur þurrviðrasamur.

Lerkið var orðið laufgað 25. maí en birkið laufgaðist 29. maí til 3. júní. Athyggjilisvert var að birkið í Fitjahlíðinni laufgaðist nokkrum dögum fyr en birkið í Stálpa- staðahlíð, en þetta mun vera algeingt.

Þann 30. maí sáust fyrstu blómin á Alaskalúpínu.

Að morgni 20. júní var allt hvítt af hrími en hitinn komst upp í 20 ° síðdegis sama dag.

Haustveðri get ég ekki lýst hér því þá var ég erlendis eins og áður er sagt.

Snjólétt var fram eftir vetri en svo setti niður mjög mikinn snjó um 20. des. Milli jóla og nýjárs gerði svo að hláku og hlánaði þá mikið af snjónum. Vatnavextir urðu geysimiklir. Stífla í Skorradalstöð brást og skriour féllu á nokkrum stöðum í Skorradal, meðal annars á tveim stöðum í Hvammshlíð, en ekki urðu stórvægilegar skemmdir. Nokkur hundruð fermetrar af rauðgrenigróðursetningu frá 1962 grófust undir aur í R 623. Heimar í hlíðinni rauf hin skriðan girðinguna á smá bletti..

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Trjágróður kom með eindæmun vel undan vetri. Flestir víðisprotar voru með lifandi brum fram á greinarodda, en það er sjaldgæft. Víðitegundir uxu sérlega vel í sumar. Árssprotar á sitkagreni voru með betra móti en ekki er hægt að segja það sama um rauðgreni og stafafuru því þar voru árssprotar yfirleitt styttri en sumari '70.

Ekki var vart neinna verulegra skemmda af völdum skordýra nema á skógarfuru en lúsaplágan á henni er sama vandamálið og á undanfórnum árum.

Engar mælingar voru gerðar á ársvexti síðastliðið haust..

3. Starfsfólk.

Á launaskrá komu á árinu 16 manns, en á sumrinu störfuðu 9 karlar og tveir ráðskonur í tveim vinnuflokkum. Í Hvammi var vinnuflokkur frá 26. maí til 12. sept. Í Sarpi var vinnuflokkur frá 14. júní til 20. júlí en þá fluttu þeir að Stóru-Drageyri og voru þar til 13. ágúst.

Einar Jónsson bóndi í Neðri-Hrepp hélt áfram að starfa við grisjun og fráklippingu í ákvæðisvinnu. Við þetta vann hann óreglulega í ígripum eftir því sem tími var aflogu frá bústörfum. Ég tel að fyrirkomulag þetta hafi gefið góða raun.

Mánaðarlegar launagreiðslur voru, sem hér segir:

Jan. - apríl	kr.	23.595.00
Mái	-	46.343.00
Júní	-	181.198.00
Júlí	-	204.192.00
Ágúst	-	153.941.00
Sept.	-	54.102.00
Okt. - des.	-	16.615.00

Samtals - 679.986.00

Launagreiðslur vegna einstakra framkvæmda voru:

101	Ráðskona Sarpi og S-D	kr.	35.695.00
101	Ráðskona Hvammi	-	88.944.00
102	Grisjun Selsskógi	-	19.663.00
102	Grisjun Hvammi	-	19.662.00
103	Gróðursetning Stálpastöðum	-	1.361.00
103	Gróðursetning Hvammi	-	70.682.00
104	Hirðing Hvammi	-	60.256.00
104	Áburður Hvammi	-	18.982.00
104	Hirðing Selsskógi	-	3.093.00
104	Áburður Stálpastöðum	-	13.662.00
104	Hirðing Stálpastöðum	-	8.831.00
104	Grisjað frá plöntum Stálpastöðum	-	34.760.00
105	Jólatré	-	4.700.00
107	Lúpína Bakkakoti	-	3.209.00
108	Girðing Bakkakoti	-	128.920.00
108	Girðing Stóru-Drageyri	-	117.641.00
109	Viðhald girðinga Hvammi	-	18.556.00
109	Viðhald girðinga Selsskógi	-	5.066.00
109	Viðhald girðinga Stálpastöðum	-	3.003.00
402	Skrifstofu störf	-	9.129.00
510	Viðhald húsa Hvammi	-	13.489.00
551	Viðhald verkfæra	-	682.00
	Samtals	kr	679.986.00

4. Girðingar.

Lokið var frágangi girðingar í Bakkakoti og steipt voru niður tvö járngrindarhlið á gamla þjóðveginum um land Bakkakots.

Á Stóru-Drageyri var girt 3.2 km long girðing. Ekki var þó lokið frágangi á þessum kafla. Eftir er að hlæða undir á nokkrum stoðum og setja renglur. Efni í þessari girðingu er: járnstaurar, 70 cm net og þrír strengir af gaddavír. Girðing á Stóru-Drageyri verður um 7.2 km að lengu svo enn er eftir að girða 4 km og ganga frá tveim hliðum.

Viðhald var svipað og á undanförnum árum. Farið var með öllum girðingum bæði vor og haust og gert við eftir þörfum.

5. Gróðursetningar.

Unnið var við gróðursetningu á tímabilinu 2. - 29. júní og gróðursettar samtals 29.200 plöntur.

Gróðursetningin skiptist eftir girðingum, sem hér segir:

Hvammur	27.600
Sarpur	1.400
Bakkakot	200
	<hr/>
Samtals	29.200

Plönturnar skiptast eftir tegundum, sem hér segir:

Rauðgreni	20.800
Sitkagreni	4.000
Stafafura	1.750
Birki	2.650
	<hr/>
Samtals	29.200

Tafla yfir gróðursetningar árið 1971

Hvammur:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantað dag
Birki	Skillingsstað	2/3	2.650	141	2.-9/6.
Stafafura	Skagway	2/3	1.750	441	9.-10/6.
Rauðgreni	Trysæl	2/3	8.600	517	11.-19/6.
Rauðgreni	Meldal		3.200	516	21.-23/6.
Rauðgreni	Stjórdal	2/3	3.050	514	25.-26/6.
Rauðgreni	Áfjörð	3/3	5.125	515	24.-25/6.
Rauðgreni	Follaforss	3/3	825.506	513	28/6.
Sitakgreni	Homer	2/1.	2.400	511	29/6.

Sarpur:

Sitakgreni	Homer	2/1.	1.200		25/6.
Sitakgreni	Homer	2/1	200		24/6.

Bakkakot:

Sitakgreni	Homer	2/1	200		25/6.
------------	-------	-----	-----	--	-------

6. Hirðing.

Á Stálpastöðum voru þrjú tjaldstaði og losuð sörp-
tunna öðru hvoru. Grisjað var frá plöntum í Selsskógi um
1/2 ha, í Hvammi 6 ha og á Stálpastöðum 10 ha.

Keyptir voru 30 pokar af kjarna og 5 pokar af blönduðum-
áburði (22,11,11) og áburði þessum var dreift á: 4.5 ha í
Hvammi og 2 ha á Stálpastöðum. Adallega voru það rauðgreni-
gróðursetningar sem áburð fengu.

7. Vegagerð.

Á síðastliðnu ári voru engar framkvæmdir við vegagerð né viðhald vega.

8. Byggingar.

Viðgerð var gerð á stofulofti í Hvammi, en viðarklæðning var farin að gúlpa vegna þess að húsið er óupphitað á vetrum.

Í hlöðunni í Hvammi var votheysgeymslu breytt í læsta geymslu fyrir eiturefni.

Smíðuð og járnúð var ný útidyráhurð fyrir húsið á Stóru-Drageyri.

9. Vélar og verkfæri.

Á Tumastöðum var smíðaður vagn undir kaffiskúrinn, sem keyptur var í fyrri og lokið var við að ganga frá honum á hjólum. Vagn þennan tel ég þarft og gott verkfæri.

Frá Mógilsá kom gomul dieselrafstöð 6 kw. Vonast var til að hún gæti leyst 1 1/4 kw rafstöðina í Hvammi af hólmi, en hún er orðin mjög léleg. Rafstöðin frá Mógilsá reyndist svo léleg að hún komst ekki í gang eftir að ég fór úr Hvammi í byrjun ágúst.

Frá Tumastöðum kom í Hvamm gamall kælir og freystikista, sem hægt var að koma í gang með litlum tilkostnaði. Þetta voru mjög þægilegar matvalageymslur á meðan stóra dieselrafstöðin gekk, en eftir að hún var stopp var ekki hægt að nota þessi áhöld, sem var mjög þagalegt.

10. Ýmislegt.

Síðastliðið sumar var stofnað veiðifélag um Skorradalsvatn og er skógrækt ríkisins aðili þar að.

Fyrir jólin voru seld 474 jólatré og 220 kg af stafafurugreinum frá Stálpastöðum. Samtals gerði sala þessi kr. 118.795.00

Reykjavík í febrúar 1972

Stjóri